

Fjármálaráðuneytið
Bjarni Benediktsson ráðherra
Fjármálaráðuneytinu
Arnarhváli

Reykjavík, 12. ágúst 2015

Efni: Expressþjónusta Fríhafnarinnar

Fríhöfnin í Flugstöð Leifs Eiríkssonar hefur að undanfögnu auglýst grimmt á netinu svokallaða „Express-þjónustu“, sem er í raun vefverzlun þar sem hægt er að panta vörur án opinberra gjalda, fá þær afhentar í verzlun Fríhafnarinnar og greiða þær þar. Viðskiptavinurinn getur valið hvort varan er afhent í brottfarar- eða komuverzlun. Ekki verður séð að neitt komi í veg fyrir að sá sem pantar á netinu fái vini eða vandamenn sem eiga leið til útlanda til að sækja vörurnar fyrir sig.

Markaðsherferðir Fríhafnarinnar, þar sem vakin er athygli á þessari þjónustu, eru þáttur í afar óeðlilegri samkeppni ríkisins við verzlunarfyrirtæki í landinu. Rekstur Fríhafnarinnar fer sífellt lengra út fyrir það sem teljast má eðlileg skilgreining á „fríhafnarverzlun fyrir ferðamenn“. Rekstur komuverzlunar, þar sem vörur eru seldar til nota innanlands án opinberra gjalda, sífellt meira vöruúrval (til dæmis nærföt og leikföng) og nú síðast pöntunarþjónusta á netinu eru dæmi um slíkt.

Eins og bent var á í Skoðun Viðskiptaráðs í nóvember sl. þýðir „Express-þjónustan“ að ekki er nauðsynlegt að fara af landi brott til að kaupa vörur án opinberra gjalda; flestir eiga auðvelt með að finna einhvern til að sækja vörurnar á leið um flugstöðina.


Fríhöfnin hefur áður boðið upp á sambærilega þjónustu. Um miðjan tíunda áratug síðustu aldar var boðið upp á símasölu Fríhafnarinnar, þar sem fólk gat pantað vörur og látið sækja fyrir sig í Leifsstöð. Á þeim tíma ritaði Stefán S. Guðjónsson þáverandi framkvæmdastjóri Félags íslenskra stórkaupmanna, forvera Félags atvinnurekenda, Friðrik Sophussyni, þáverandi fjármálaráðherra, bréf og vakti athygli á þessum óeðlilegu vinnubrögðum Fríhafnarinnar.

Í bréfi Stefáns var vakin athygli á að sá sem pantaði vöruna þyrfti „aldrei að fara af landi brott sjálfur og sá sem sækir vöruna þarf ekki heldur að rogast með hana á sínu ferðalagi. Hann einfaldlega tekur vöruna á heimleiðinni og heldur á henni þá 30 metra sem eru frá innkomuverslun fríhafnarinnar og í gegnum tollinn.“ Nákvæmlega það sama á við um „Express-þjónustuna“ sem Fríhöfnin býður nú upp á.

FÍŚ óskaði eftir því að ráðuneytið hlutaðist til um að Fríhöfnin léti af þessum vinnubrögðum. Svarbréf fjármálaráðherra barst daginn eftir og var skorinort: „Heimild til innflutnings á vörum án greiðslu aðflutningsgjalda er bundin við vörur til eigin nota fyrir ferðamenn og telur fjármálaráðuneytið að gera eigi kröfu um að þeir greiði sjálfir fyrir þær vörur sem þeir kaupa í fríhöfn og flytja til landsins.“ Í framhaldinu var tekið fyrir símasölu Fríhafnarinnar.

Í tilefni af markaðsherferð Fríhafnarinnar, þar sem athygli neytenda er vakin á pöntunarþjónustu hennar á netinu, er ástæða til að spyrja: Hefur afstaða fjármálaráðuneytisins til slíkrar pöntunarþjónustu á vegum Fríhafnarinnar breytt? Ef ekki, til hvaða aðgerða hyggst ráðuneytið grípa?

Með kveðju og von um jafnskjót svör og fengust við sambærilegu erindi sumarið 1996,



Ólafur Stephensen
Framkvæmdastjóri/Félags atvinnurekenda

Fylgiskjöl:

Bréf Stefáns S. Guðjónssonar, framkvæmdastjóra FÍŚ, til fjármálaráðherra, dags. 7. ágúst 1996.

Bréf Friðriks Sophussonar, fjármálaráðherra, til framkvæmdastjóra FÍŚ, dags. 8. ágúst 1996.

FÉLAG ÍSLENSKRA STÓRKAUPMANNA

ASSOCIATION OF ICELANDIC IMPORTERS, EXPORTERS AND WHOLESALE MERCHANTS



FÉLAG MILLIRÍKJA-
VERSLUNAR OG
VÖRUDREIFINGAR

Fjármálaráðuneytið
Friðrik Sophusson ráðherra
Arnarhvíli
150 Reykjavík

Reykjavík, 7. ágúst 1996.

Með bréfi þessu viljum við vekja athygli á frétt í DV frá 2. ágúst sl. varðandi friðhafnarverslun í Leifsstöð. Í umræddri frétt er viðtal við einn starfsmann verslunarinnar þar sem hann staðfestir grun manna um afar óeðlileg vinnubrögð verslunarinnar í viðskiptum með ýmiss stærri rafmagnstæki. Þessi ummæli voru endurtekin í viðtalsþættinum Á Þjóðbraut, í viðtali við Skúla Helgason, á Bylgjunni þriðjudaginn 6. ágúst sl.

Í þessum viðtölum kemur fram að í þeim tilgangi að gefa sem flestum tækifæri á að versla í friðhöfninni m.a. þeim sem aldrei fara af landinu þá reki friðhöfnin viðtæka pöntunarþjónustu sem gefur viðskiptavinum tækifæri á að fá upplýsingar í síma um verð og vörutegundir og jafnfrvel panta vörur sem vinir og kunningjar á ferðalögum geta svo sótt á leið heim til landsins. Viðkomandi þarf því aldrei að fara af landi brott sjálfur og sá sem sækir vöruna þarf ekki heldur að rogast með hana á sínu ferðalagi. Hann einfaldlega tekur vöruna á heimleiðinni og heldur á henni þá 30 metra sem eru frá innkomuverslun friðhafnarinnar og í gegnum tollinn.

Rétt er að benda á að verslunarrekstur friðhafnarinnar er fyrst og fremst mögulegur vegna skattastefnu stjórnvalda sem með háum vörugjöldum og ytri tollum styrktir samkeppnisstöðu friðhafnarverslunar á kostnað almennrar verslunar. Án þeirra gjalda sem öðrum verslunarfyrirtækjum er gert skylt að skila væri grundvellingnum kippt undan rekstri friðhafnarinnar.

Ráðuneytinu er fullkunnugt um þá skoðun hagsmunasamtaka verslunarinnar að innkomuverslun með jafn breiðu vöruvali og hér tíðkast er með öllu óásættanleg og stríðir í grundvallaratriðum gegn hugtakinu "friðhafnarverslun fyrir ferðamenn" eins og það er skilið annars staðar í heiminum.

Óskað er eftir því að ráðuneytið taki þessi mál til skoðunar og hlutist til um að friðhöfnin láti af þeim vinnubrögðum sem lýst er í umræddu blaðaviðtali.

Með vinsemd og virðingu,

Stefán S. Guðjónsson,
framkvæmdastjóri.

tilv: dutyfree



FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Dagsetning

Tilvísun

8. ágúst 1996

Félag íslenskra stórkaupmanna
c/o Stefán S. Guðjónsson, framkvæmdastjóri
Húsi verslunarinnar
103 Reykjavík

Vísað er til bréfs FÍS dags. 7. ágúst sl. um fríhafnarverslun í Leifsstöð. Í tilefni bréfsins hefur verið ákveðið að hafa samband við Fríhöfn á Keflavíkurflugvelli og utanríkisráðuneytið sem fer með málefni Keflavíkurflugvallar í þeim tilgangi að ræða um vöruval til sölu í aðkomuverslun Fríhafnarinnar. Fjármálaráðuneytið telur að meginreglan eigi að vera sú að fríhöfnin selji vörur sem yfirleitt fást í tollfrjálsum verslunum erlendis eða flugvélum og að verð einstakra vara fari ekki fram úr þeirri upphæð sem ákveðin er á hverjum tíma að megi flytja inn til landsins án tolla.

Heimild til innflutnings á vörum án greiðslu aðflutningsgjalda er bundin við vörur til eigin nota fyrir ferðamenn og telur fjármálaráðuneytið að gera eigi kröfu um að þeir greiði sjálfir fyrir þær vörur sem þeir kaupa í fríhöfn og flytja til landsins.